

# Íslenskur iðnaður

12. tölublað 14. árg.

Desember 2008

Samtök iðnaðarins

SI

Veljum íslenskt  
– okkar hagur!



Samtök iðnaðarins óska  
félagsmönnum sínum og öðrum  
lesendum gleðilegra jóla, árs og friðar



## Andvirði jólagjafa rennur til Mæðra- styrksnefndar

BM Vallá hefur ákveðið að í stað þess að gefa starfsfólki jólagjafir í ár verði andvirði þeirra látið renna til Mæðra-  
styrksnefndar. Þorsteinn Víglundsson forstjóri fyrirtækisins segir að starfs-  
fólkið hafi tekið framtakinu mjög vel. Undanfarnar vikur hafi verið erfiðar og það hafi verið mikið áfall þegar grípa þurfti til uppsagna.

„Jólastemningin er hins vegar til staðar og fólk er búið að tileinka sér ákveðið æðruleysi,“ segir Þorsteinn.

# NÚNA



Þórólfur Árnason og Svava Grönléldt fóru á kostum á „NÚNA“ er tækifærið - hvatningarfundir sprota og nýsköpunarfyrirtækja sem haldinn var á Hilton Nordica. Sjá nánar bls. 6 - 7

bls. 3



Íslensk  
hönnun -  
auðlind til  
framtíðar

bls. 5



Hagtölur  
iðnaðarins  
í breyttri  
mynd

bls. 6



Álögum á  
bjór harðlega  
mótmælt

bls. 10



Ný  
jarðgerðarstöð  
Gámaþjónust-  
unnar

bls. 11



Vel sóttur  
félagsfundur

# Hið kalda hagsmunamat



Jón Steindór Valdimarsson  
framkvæmdastjóri SI

*Senn er að baki árið 2008. Það mun án efa verða ofarlega í huga okkar í framtíðinni sem upphafsár mikilla umskipta. Tíminn einn mun leiða í ljós hve róttæk og afdrifarík þau verða. Margt þarf að endurmeta og marka þarf nýja stefnu. Einna brýnast er að ná sátt um þá efna-hagslegu umgjörð sem við viljum búa við til framtíðar og um leið hvar við viljum skipa okkur til sætis í samfélagi þjóðanna. Niðurstaða þessa endurmats ræður miklu um framhaldið. Okkur er öllum nauðsynlegt að stefnan og endamarkið séu skýr í hugum stjórnvalda, atvinnulífsins og alls almennings.*

## **Þjóðin á síðasta orðið**

Ekki þarf að fara í grafgötur með að spurningin um aðild að ESB og upptöku evru er ein þeirra grundvallarspurninga sem við verðum að svara sem allra fyrst. Skoðanir eru og verða skiptar um hvort svara beri spurningunni játandi eða neitandi. Auðvitað er æskilegt að ná sem bestri samstöðu um niðurstöðuna en það er að sama skapi brýnt að svara henni afdráttarlaust hvort sem víðtæk samstaða næst eða ekki. Hér verður mat þjóðarinnar sjálfrar á þjóðarhag að ráða á endanum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Um það hljóta allir að geta verið sammála.

## **Þjóðin vill aðildarviðræður**

Capacent Gallup hefur gert kannanir fyrir Samtök iðnaðarins um árabíl um viðhorf almennings til Evrópumála. Í fimm ár hefur verið spurt reglulega: Ertu hlynntur því eða andvígur að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið? Í öllum þessum könnunum hefur hreinn meirihluti aðspurðra verið hlynntur viðræðum eða á bilinu 50,5% til 64,2%. Á sama tíma hafa þeir sem hafa verið andvígir viðræðum um aðild verið á bilinu 25,1% til 34,6%. Vilji þjóðarinnar virðist því býsna skýr og stöðugur í þessum efnum.

## **Stefna stjórnmalaflokka**

Samfylkingin hefur það á stefnuskrá sinni að sækja um aðild að ESB og hefja viðræður. Sjálfstæðisflokkurinn hefur hleypt af stað umfangsmikilli stefnumótunarvinnu sem nær hámarki á landsfundi flokksins 29. janúar - 1. febrúar á komandi ári. Miðstjórn flokksins hefur skipað sérstaka Evrópunefnd sem skoðar stöðu Íslands gagnvart ESB, ríkjum Evrópu og valkostum Íslands í alþjóðasamstarfinu. Nefndin á að skila

skýrslunni fyrir landsfundinn þar sem metið verður hvort framtíð Íslands sé betur borgið innan ESB en utan þess.

Flokksráð Vinstri-grænna ítrekaði á fundi 12. desember andstöðu við aðild að ESB en bætti við að framtíðarfyrirkomulag tengsla Íslands og ESB þyrfti að ákveða á lýðræðislegan hátt í kjölfar vandaðrar og upplýstrar umræðu. Flokksþing Framsóknarflokksins verður 16. - 18. janúar. Tillaga þess efnis að gengið verði til aðildarviðræðna við Evrópusambandið verður lögð fyrir þingið.

Í febrúar 2009 mun skýr afstaða beggja stjórnarflokkanna liggja fyrir og helstu stjórnarandstöðuflokkanna. Fari svo að Sjálfstæðisflokkurinn komist að því að framtíð Íslands sé betur borgið innan ESB en utan þess er ljóst að stjórnarflokkarnir tveir eiga samleið í málinu. Þeir munu þá væntanlega sækja um aðild að ESB og hefja viðræður. Komist Sjálfstæðisflokkurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan ESB sýnist augljóst að þessi ríkisstjórn mun ekki sækja um né beita sér fyrir aðild. Hvað þá gerist verður ekki fjallað um á þessum vettvangi.

## **Hið kalda hagsmunamat**

Flest bendir til þess að á næstu vikum og mánuðum verði teknar afdrifaríkar ákvarðanir fyrir land og þjóð. Ákvarðanir sem snerta margvíslega hagsmuni, tilfinningar og pólitíska sýn. Stjórnvöld á hverjum tíma, hver sem þau eru, eiga engan kost annan en taka þær ákvarðanir sem þau telja heildarhagsmunum þjóðarinnar fyrir bestu. Verði það niðurstaðan af því sem sumir hafa kosið að kalla hið kalda hagsmunamat, að íslenskum hagsmunum verði best borgið með aðild að ESB, á að ganga til samninga af fullri einurð og ganga eins langt og kostur er til að tryggja okkar hagsmuni á öllum sviðum. Þar reynir ekki síður á hið kalda hagsmunamat og það má ekki truflast af sérhagsmunagæslu eða kreddufestu. Stjórnvöld eiga ekki að ljúka samningi fyrr en þau sjálf telja hann fela í sér framfaraspor. Þannig muni þau tala fyrir samþykkt hans þegar þjóðin fellir sinn dóm. Það á ekki að ganga til samninga um aðild að Evrópusambandinu í hálfkæringi - þá næst ekki besti hugsanlegur árangur og þá er betur heima setið.

Slíkan samning mun þjóðin aldrei samþykkja.

Að síðustu vil ég þakka félagsmönnum öllum ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Ég er sannfærður um að á komandi ári leggjum við grunn að bjartri framtíð íslensks iðnaðar. Saman höfum við alla burði til þess.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

## Afsláttur af félagsgjöldum

**Stjórn SI hefur ákveðið að veita félagsmönnum sínum 10% aukaafslátt af félagsgjöldum sem fara yfir lágmarksgjald. Fyrir er 25% almennur afsláttur + 5% staðgreiðsluafsláttur.**

Með þessu móti vilja Samtökin koma til móts við félagsmenn sína á erfiðum tímum. Samtökunum er ljóst að hlutverk þeirra og verkefni hafa aldrei verið mikilvægari en nú.

Minnt er á vefsetur SI þar sem fluttar eru fréttir af efnahagsástandinu og öðru er snertir íslenskan iðnað. Þar er sagt frá þeim fjölmörgu fundum sem haldnir hafa verið auk fyrirhugaðra funda.

Fundað hefur verið með ráðherrum, þingnefndum og þingmönnum og haft samband við félagsmenn. Þá eru reglulegir fundir með krísuhópi SA þar sem saman koma vinnuveitendur, launþegar, stjórnvöld, þingmenn, embættismenn og bankamenn.

Samtökin reyna að upplýsa erlenda fjölmiðla um stöðu mála eftir því sem kostur er. Fundað er með sendiráðum erlendra ríkja á Íslandi og herjað á opinbera aðila vegna verklegra framkvæmda.

Ekki má gleyma auglýsingaáttaki um að velja íslenskt sem nú hefur staðið í mánud.

## Nýir félagsmenn SI

**HBH framkvæmdir ehf.  
Skógarhlíð 10  
105 Reykjavík**

**Icelandic Hydrogen  
Miðhrauni 8  
210 Garðabæ**

**NordicPhotos  
(Norrænar Myndir ehf.)  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík**

**Sýrusson ehf.  
Hamraborg 5  
200 Kópavogi**

**Betware hf.  
Holtasmára 1  
201 Kópavogi**

# Íslensk hönnun - Auðlind til framtíðar

„Íslendingar eru sérstaklega opnir fyrir því að kaupa íslenskt núna og hér getur fólk séð það besta í íslenskri hönnun á einum stað,“ segir Halla Bogadóttir, framkvæmdastjóri Kraums, sem hlaut Njarðarskjöldinn 27. nóvember síðastliðinn. Verðlaununum er ætlað að hvetja til aukinnar og bættrar verslunarþjónustu við ferðamenn í Reykjavík. Verslunin sérhæfir sig í sölu íslenskrar hönnunarvöru og hefur verið starfandi í eitt og hálf ári.

Halla segir verðlaunin hafa komið sér nokkuð á óvart en viðbrögðin hafi ekki látið á sér standa og aðsókn hafi aukist töluvert síðustu daga. „Svona verðlaun

*„Reykjavíkurborg og Íslensk verslun standa að Njarðarskjöldinum ásamt Samtökum iðnaðarins“*

hafa auðvitað auglýsingagildi og nú veit fólk frekar af staðsetningu okkar.“

Kraum er rekin í elsta húsi Reykjavíkur að Aðalstræti 10 sem kennt er við Skúla fógeta. Halla segir að þar sem húsið falli undir þjóðminjalög megi ekki auglýsa



verslunina að framanverðu. Þess vegna átti fólk sig ekki á hverju það eigi von. Það gangi í gegnum elsta hús borgarinnar og komi svo inn í nýjustu strauða og tísku.

„Mér finnst gaman að því að við skulum vera staðsett í þessu húsi, vegna þess að Skúli fógeti var upphafsmaður að vinnu með íslenska ull árið 1762. Og nú erum við hér í hans anda að sýna og selja ullarvöru,“ segir Halla.

Þó svo að nú sé ekki aðal ferðamannatími ársins hafi veik staða krónunnar og auglýsingar af hagstæðu vöruverði hér á landi haft mjög jákvæð áhrif á sölu íslenskrar hönnunar. Erlendir ferðamenn kaupi bæði dýrari vöru og meira en áður.

Kraum býður upp á vöru frá um 90 íslenskum hönnuðum. Allir ættu að geta fundið jólagjöf á viðráðanlegu verði í versluninni því ódýrasta varan er borð-




Lampar úr þorskröði kosta 97 þúsund krónur og eru vinsælir sérstaklega meðal útlendinga

tuska með jarðskjálftamynd af Íslandi á 400 krónur, en sú dýrasta loftljós á um 200 þúsund krónur. Vinsælasti vöruflokkurinn er hins vegar fatnaður en það fer þó eftir árstíðum hvað selst mest. „Núna eru það til dæmis laufabrauðsservíettur sem eru vinsælastar,“ segir Halla. Í versluninni má einnig fá úrval skartgripa og nytjahluta auk þess sem sérhannaðar leðurvörur og skór eru til sölu.

Halla segir að Íslendingar séu í auknum mæli að kaupa íslenskar jólagjafir. „Samtök iðnaðarins hafa auðvitað stuðlið að því að fólk er meira vakandi fyrir því hvað er íslenskt.“

Halla er kennari og gullsmiður að mennt og hefur verið framkvæmdastjóri Kraums frá opnun verslunarinnar 31. maí 2007.

Framtíð íslenskrar hönnunar segir Halla vera bjarta. „Hönnun er auðlind okkar til framtíðar.“



Halla bregður á leik við fatahengi



## Bakarar velja íslenskt súkkulaði

**B**akarar sem hingað til hafa notað innflutt súkkulaði munu í ríkara mæli kaupa íslenskt súkkulaði eftir að fyrirtækið Nóa Sírius hóf sölu til fyrirtækja. Þorsteinn Stígsson eigandi Okkar bakarís og stjórnarmaður Innbaks hefur lagt til að bakarar styðji íslenskan iðnað með þessum hætti. Þannig fáist einnig lægra verð.

„Ég held að allir séu tilbúnir að nota íslensku framleiðsluna því hún er ekki síðri, og Íslendingar þekkja Nóa súkkulaði.“ Þorsteinn segir að Innbak, sem flytur inn hráefni fyrir bakarí, muni bjóða súkkulaðið frá Nóa Sírius til sinna viðskiptavina.

„Nú getur þú fengið íslenskt hráefni í nánast allan jólabaksturinn,“ segir Þorsteinn. „Alla vega öll helstu hráefni.“ Hann segir að bakarar séu tilbúnir til að kaupa íslenskt hráefni og honum sýnist varan frá Nóa Síriusi vera samkeppnishæf í verði.

Örn Ottesen fjármálastjóri Nóa Sírius segir að með nýrri vél sem fyrirtækið hafi tekið í notkun sé hægt að sinna öllum íslenska bakaramarkaðnum. Þetta skref hafi verið löngu tímabært. Viðbrögðin hafi ekki látið á sér standa.


Örn býst við að efnahagsástandið vinni

með fyrirtækjaþróuninni þar sem meiri áhersla sé nú á að kaupa íslenskar vörur en áður.



Okkar bakarí

Þorsteinn hefur nýverið gert upp bakarí sitt, Okkar bakarí, í Iðnbúð í Garðabæ. „Ég bylti rekstrinum alveg, fékk nýjan vélakost og bætti auk þess við litlu kaffihúsi.“ Aukning varð á viðskiptunum við breytinguna, en nú haldi fólk betur utan um budduna en áður. „Maður er þó sáttur á meðan þeir halda áfram að koma í bakaríð,“ segir hann og bætir við að fjölskyldur sem vilji gera vel við sig um helgar komi í ríkari mæli. „Þær eru gjarnan búnar að vera í bænum en koma hingað í kaffi því verðið er mun hagstæðara en það sem gengur og gerist á kaffihúsum borgarinnar.“



Þorsteinn Stígsson

## Hugmyndabanki um leiðir fram á við

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman stutta skýrslu í tengslum við starf vinnuhóps á vegum ríkisstjórnarinnar sem fjallar um atvinnusköpum. Skýrslan kallast: *Atvinnulífið - hugmyndabanki um leiðir fram á við.*



Þar eru settar fram nokkrar hugmyndir sem hafa þann kost að geta leitt til árangurs tiltölulega fljótt og án mikils tilkostnaðar. Gerð skýrslunnar lauk 12. nóvember.

Öllum er ljóst að á næstu misserum og árum verður erfið glíma við afleiðingar alþjóðlegrar fjármálakreppu og hruns íslenska fjármálakerfisins.

Grundvallaratriði er að leita allra leiða til að auka útflutningstekjur, draga úr erlendum útgjöldum, koma í veg fyrir að atvinnuleysi festist í sessi, fólk flytji úr landi og hér bresti á óbætanlegur atgervisflótti.

## Hlutastörf raunhæfur kostur

Alþingi hefur samþykkt breytingar á lögum um atvinnuleysisstryggingar og ábyrgðarsjóð launa. Samkvæmt þeim getur fólk í hlutastarfi fengið tekjutengdar atvinnuleysisbætur í lengri tíma en áður og skerðing atvinnuleysisbóta vegna launagreiðslna fyrir hlutastarf fellur niður.


Auk þess munu þeir sem starfa sjálfstætt geta tekið að sér tilfallandi verkefni án þess að missa rétt til atvinnuleysisbóta í stað þess að stöðva reksturinn alveg, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Sjá nánar frétt á vefsetri Samtaka atvinnulífsins [www.sa.is](http://www.sa.is).



# Hagtölur iðnaðarins í breyttri mynd

## Vísitala framleiðsluverðs 2006-2008



Heimild: Hagstofa Íslands

Hagtölur iðnaðarins 2009

Á þessari mynd sést hvernig hagtölur iðnaðarins munu birtast á [www.si.is](http://www.si.is)

Ákveðið hefur verið að hætta útgáfu dagbókar Samtaka iðnaðarins sem meðal annars hefur innihaldið hagtölur iðnaðarins. Þar hafa margvíslegar upplýsingar um iðnað verið til staðar og þær settar í samhengi við aðrar atvinnugreinar. Aukin áhersla verður í framtíðinni lögð á reglubundna umfjöllun um stöðu iðnaðar hér á síðum Íslensks iðnaðar. Þá verða hagtölur iðnaðarins gerð ítarlegri skil á vef SI og verður þeim breytingum komið á eftir því sem vinnu við endurnýjun vefsetursins líður.

Áfram verður markmiðið að auka almenna þekkingu á vægi og stöðu iðnað-

ar í samfélaginu. Einnig verður fjallað á víðtækan hátt um starfsskilyrði iðnaðarins og almennt um stöðu efnahagslífsins.

Með þessum breytingum er annars vegar verið að auka reglubundna birtingu á einstökum hagtölum sem lýsa stöðu iðnaðar og hins vegar að auka fjölbreytni á vefsetri Samtakanna.

Félagsmönnum er bent á að þær upplýsingar sem birtar eru á vefsetri SI eru ekki tæmandi um stöðu og starfsskilyrði iðnaðarins. Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, veitir ráðgjöf og frekari upplýsingar á þessu sviði.

## Formannsskipti í stjórn MIH



Nýr formaður MIH  
Ágúst Pétursson  
húsasmíðameistari

Breyting hefur orðið á stjórn Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði eftir að Björn Bjarnason sagði af sér sem formaður á stjórnarfundum 10. desember. Við formennsku tekur varaformaður félagsins Ágúst Pétursson húsasmíðameistari. Miklar annir munu vera ástæða afsagnarinnar og taldi Björn að undir þeim kringumstæðum væri honum ekki fært að sinna félaginu eins og hann óskaði, því væri best fyrir félagið að hann hyrfi frá stjórnarstörfum.

Á vefsetri MIH kemur fram að breytingin sé í fullri sátt við félag og stjórn. Birni eru þökkun þáttar störf í þágu félagsins þau átta ár sem hann sat í stjórninni, þar af tvö ár sem formaður.

Ágúst mun sinna formennsku fram að næsta aðalfundi föstudaginn 13. febrúar 2009.



Björn Bjarnason fráfarandi formaður til hægri ásamt bæjarstjóra Hafnarfjarðar Lúðvíki Geirssyni

Matís  
tekur  
þátt í  
EuroFIR



Matís ohf. tekur

þátt í evrópska samstarfsverkefninu EuroFIR (European Food Information Resource) um að bæta gögn um efnisinnihald matvæla. Verkefnið miðar að því að leita leiða til að miðla upplýsingunum með gagnagrunnum og á netinu. Þannig styrkist samkeppnishæfni smárra og stórra matvælafyrirtækja í Evrópu.

Nú er unnið að því að þróa staðla, gæðamatskerfi og skilgreiningar á fæðutegundum og samhæfa gagnagrunna. Starfið auðveldar Íslendingum að fá gögn frá öðrum Evrópulöndum, ekki síst með rafrænum hætti. Afar mikilvægt er að Íslendingar taki áfram þátt í starfinu þegar verkefninu lýkur en evrópskt félag tekur við hlutverki EuroFIR á næsta ári.

Fjöldi vörumerkja fyrir matvæli á Vesturlöndum skiptir nú tugum þúsunda. Oft þarf að leggja fram upplýsingar um næringargildi þessara vara og matvælaíðnaðurinn þarf að finna hagkvæmar leiðir til að láta þessar upplýsingar í té. Afrakstur EuroFIR verkefnisins leiðir til þess að iðnaðurinn fær áreiðanlegri gögn en áður og þau eru skilgreind með sama hætti í Evrópulöndum.

Á vegum Matís er nú unnið að því að endurskipuleggja ÍSGEM gagnagrunnin um efnisinnihald matvæla til að uppfylla þær gæðakröfur sem hafa verið settar fram í EuroFIR verkefninu Gagnagrunnurinn hefur í rúmt ár verið aðgengilegur á vefsíðu Matís. Þar er að finna upplýsingar um næringarefni í fjölmörgum fæðutegundum. Á vefsíðu EuroFIR er að finna upplýsingar fyrir matvælaíðnað um heilsufullræðingar, staðla fyrir gögn og skýrslur.

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
12. tbl. 14. árg. Desember 2008  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 16.12.2008  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán,  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
[www.si.is](http://www.si.is), netfang: [ritstjorn@si.is](mailto:ritstjorn@si.is)  
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson  
Ritstjóri/efnisöflun: Sigríður Guðlaugsdóttir  
Prófaralestur: Rakei Pálsdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í síkum tilvikum.

# Álögum á bjór harðlega mótmælt

Samtök iðnaðarins mótmæla harðlega hækkun áfengisgjalds sem samþykkt hefur verið á Alþingi og áformum um hækkun á álagningu á bjór. Frumvarp þess efnis er til afgreiðslu á þinginu.

Hækkanirnar ganga þvert gegn þeirri mikilvægu stefnumörkun að örva íslenska framleiðslu með öllum ráðum. Íslenskir bjórframleiðendur hafa staðið sig vel í samkeppni við innflutning og fer markaðshlutdeild þeirra vaxandi. Það er óskynsamlegt að hækka álögur með þessum hætti á íslenski framleiðslu sem á í fullu tré við innflutning.

Stjórnvöld eiga ekki að vinna gegn þessari þróun með aukinni gjaldheimtu.

Í umsögn SI til efnahags- og skattaneftar Alþingis gera Samtökin athuga-

semdir við að hafa ekki fengið framan-greint frumvarp til um-sagnar. Stærstu framleiðendur áfengra drykkja á Íslandi séu félagsmenn í SI.

Sé frumvarpið hugsað til að auka tekjur ÁTVR sé skynsamlegt að sterkari drykkir en bjór beri þá hækkun.

Þess vegna skora Samtök iðnaðarins á Alþingi að breyta frumvarpinu og falla frá því að hækka álagningu ÁTVR á bjór.



# NÚ Sóknarhugur á

Rúmlega eitt þúsund manns mættu á fjöldafundinn „NÚNA“ er tækifærið sem haldinn var til stuðnings sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum á Hilton Reykjavík Nordica 14. nóvember síðastliðinn.

Þar kynntu hátækni- og sprotafyrirtæki þróunarsögu sína og fjöldi forsvarsmanna þeirra hélt stuttar hvatningarræður. Heilbrigðis- og menntamálaráðherra stígu á svið og hvöttu sprotana og Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands var á meðal gesta í salnum.

Auk þess að vera samtalsvettvangur fyrirtækja og stjórnvalda var fundurinn einnig hvatningarfundur fyrir starfsmenn fyrirtækjanna með það að markmiði að auka sjálftraust og sóknarhug.

## Rúmlega 200 ný störf

Á fimmta tug fyrirtækja gerðu stjórnvöldum tilboð um að fjölga störfum gegn því að stjórnvöld kæmu til móts við þau með markvissum aðgerðum. Meðal annars með því skilyrði að atvinnuleysis-tryggingasjóður kæmi þar að. Alls buðu



## Hættulega góðar uppskriftir frá Nóa Síríus

Nói Síríus hefur gefið út bókina Súkkulaðiast sem inniheldur rúmlega 80 súkkulaðiuppskriftir. Höfundar bókarinnar eru Inga Elsa Bergþórsdóttir grafískur hönnuður og Gísli Egill Hrafnsson ljósmyndari. Inga Elsa segir að margar uppskriftanna séu klassískar, sumum hafi verið breytt en aðrar einfaldaðar. Bókin henti öllum, bæði þeim sem eru komnir langt í eldhúsinu og þeim sem eru rétt að byrja að prófa sig áfram í matargerð og bakstri.


„Þessar uppskriftir eru sáraeinfaldar en hættulega góðar,“ segir Inga Elsa. Hún og Gísli hafi viljað safna góðum og einföldum uppskriftum.

Þorri Hringsson myndlistarmaður og víspekúlant skrifar einnig kafla um sambland súkkulaðis og víns. Þá rekur Ragna Rögnvaldsdóttir matargúrú sögu súkkulaðis allt frá fyrstu heimildum úr mannkynssögunni þar til súkkulaði kemur til Íslands og nær að skjóta rótum í okkar menningu.

Í bókinni er einnig kynning á fjölda mismunandi súkkulaðitegunda sem Nóa Síríus býður upp á. Inga Elsa segir það skipti máli hver styrkleikinn sé. Súkkulaði breyti um



bragð og karakter eftir hlutföllum kakós og sykurs. Eftir því sem prósentan sé lægri, því meiri sykur og minna



Inga Elsa og Gísli Egill höfundar bókarinnar



kakó. Hingað til hafi Íslendingar notað mest Síríus Konsum súkkulaðið í matargerð. Í Súkkulaðiast er bent á fleiri möguleika og hvernig hægt er að nýta það úrval sem í boði er.

Inga Elsa segir að matarástin hafi kviknað þegar hún bjó í Frakklandi. „En ást mín á súkkulaði hefur vaxið frá því ég byrjaði að vinna fyrir Nóa Síríus.“ Fyrir fjórum árum gerðu hún og Gísli Egill aðra bók fyrir Nóa Síríus sem heitir Súkkulaði, en þau hafa einnig séð um árlega bæklinga með kökuuppskriftum. Inga Elsa rekur auglýsingastofuna Fabrikuna og vinnur mikið með fyrirtækjum sem tengjast mat. Meðal annars Nóa Síríus, Sláturfélagi Suðurlands, Kornax og Jóa Fel.

# NA

## fjöldafundi



Svana Helen Björnsdóttir framkvæmdastjóri Stika ein af skipuleggjendum fundarins

fyrirtækin um 240 ný störf. Auk aðkomu atvinnuleysistryggingasjóðs nefndu fyrir-tækin skuldbindingar stjórnvalda varð-andi stofnun Frumtaks, eflingu Nýsköp-unarsjóðs atvinnulífsins og Tækniþróun-arsjóðs, að nýju lífi verði blásið í áhættu-fjármagns- og hlutabréfamarkaðinn og



að tekið verði upp endurgreiðslukerfi rannsókn- og þróunarkostnaðar.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra uppskar því mikið lófatak þegar hann tilkynnti að ríkisstjórnin hefði ákveðið að fyrirtæki sem réðu fólk af atvinnuleysis-skrá fengju 90% af bótum þess leggðu þau það sama á móti. Ekkert takmark væri á fjölda starfsmanna. Ráðherra sagði að von væri á fleiri jákvæðum skilaboðum.

„Undirtektirnar eru gífurlega góðar og það er full ástæða til að hvetja sem flest fyrirtæki til að nýta sér þessa heimild,“ segir Davíð Lúðvíksson forstöðumaður nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins. Hann segir fyrirtækin sjálf hafa sýnt málinu mikinn áhuga og þau bíði nú nánari útfærslu á fyrirkomulaginu frá stjórnvöldum. „Fyrirspurnum hefur engu að síður rignt inn til þessara fyrirtækja og mörg þeirra eru tilbúin að hefja ráðningarferlið strax.“

**Hringitónn til stuðnings sprotum**  
Svafa Grönfeldt rektor Háskólans í

**„Við höfum horft á bankana söga að sér allt laust fé og fólk inn í stofnanir sem eru eiginlega nokkurs konar sýndarveruleiki.“**

**Hilmar Veigar Pétursson forstjóri CCP sagði að þótt hrun bankanna væri sorglegt, væri það að mörgu leiti gott. Tækifæri blasi víða við. Daglega taka 200 þúsund manns þátt í EVE Online - sýndarveruleik fyrirtækisins.**

Reykjavík og Þórólfur Árnason forstjóri Skýrr stýrðu fundinum af mikilli rögg-semi og stemningin var gífurleg.

Ekki dró úr henni um miðjan fundinn þegar Valgeir Guðjónsson Stuðmaður stjórnaði gestum í fjöldagjöfningi þar sem fundarmenn tóku þátt í að skapa nýjan og óvanalegan hringitón. Honum er ætlað að vera hvatningar- og sam-einingartákn nýsköpunar á Íslandi. Í lok fundar var hringitóninn svo spillaður við mikla hrifningu gesta. Hringitóninn er hægt að sækja á vef SI, Símans og Vodafone. Myndskeið frá gerð hringitóns-ins er einnig að finna á [www.si.is](http://www.si.is) auk annars efnis frá fundinum eins og kynningar og tilboð fyrirtækjanna og hvatningarmyndband fyrir nýsköpun í landinu sem Valgeir framleiddi. Á heimasíðu Samtakanna má einnig sjá myndbrot af því besta sem fram kom í ræðum fund-armanna.

Að fundinum stóðu Samtök iðnaðarins, Samtök líftækniyrirtækja, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök upplýsingafyrirtækja og Háskólinn í Reykjavík.



# Fjármögnun gæti tafið verk Héðins á Vopnafirði

Vélsmiðjan Héðinn í Garðabæ hefur hafið fyrsta áfanga framkvæmda við endurnýjun og stækkun fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði. Fyrirvari í samningi fyrirtækjanna um fjármögnun gæti tafið verkið, í versta falli yrði því frestað þar til aðstæður lagast á fjármálamörkuðum.

Fyrsti áfangi verksins, uppsetning rafskautaketils, er þegar hafinn. Gunnar Pálsson verkefnastjóri hjá Héðni segir að búið sé við að hann verði tekinn í notkun í febrúar. Aflið frá honum verði notað í gamla verksmiðju sem er á staðnum. Fyrsta áfanga muni svo ljúka næsta sumar verði framkvæmdir á áætlan. „Verkinu miðar vel en eftir fyrsta áfanga ræðst framhaldið af fjármögnun,“ segir

Myndin er frá ASK arkitektum og sýnir hvernig fiskimjölsverksmiðjan mun líta út fullbyggð



Gunnar. Samningurinn hafi verið gerður örfáum dögum áður en fjármálakerfið hrundi hér á landi. Í honum var fyrirvari um fjármögnun. „Við erum samt að undirbúa verkið með tæknivinnu og hönnun.“

Vilhjálmur Vilhjálmsson deildarstjóri uppsjávarsviðs HB Granda segir að búið sé að ákveða að halda verkinu áfram fram að áramótum og nýta tímann til að sjá hvort ekki náist viðunandi fjármögnun. Ef hún náist ekki verði framkvæmdum líklega seinkað þar til ástandið lagist og fjármögnun fáiast.

Stöðvist framkvæmdir um áramót segir Vilhjálmur að ketilhús og rafskautaketill muni samt sem áður nýtast. Bygging verksmiðju og flutningur fiskimjölsverksmiðjunnar austur muni þó frestast, en til stóð að þeim áfanga yrði lokið næsta sumar.

Nú starfa sex manns við verkið, en áætlað er að allt að 40 manns muni vinna að verkinu þegar mest lætur. Afköst verksmiðjunnar munu aukast um 33% eftir flutninginn og endurnýjun vélabúnaðar auk þess sem betri og verðmætari afurðir fást.

## Heimur blikksins Ný fræðslumynd um nám og störf blikksmiða

Félag blikksmiðjueigenda hefur látið gera vandað 12 mínútna myndband þar sem kynnt eru viðfangsefni blikksmiða, vinnuumhverfi og nám í greininni. Markmiðið er að fá fleiri til að læra blikksmiði og fjölga fagmönnum en á þeim hefur verið mikill skortur síðustu árin.

Myndin verður notuð í kynningum í efstu bekkjum grunnskóla. Félag blikksmiðjueigenda og Félag náms- og starfsráðgjafa vona að með þeim opnist ungu fólki nýr heimur sem leiðir huga þeirra að því álitlega námi og starfi sem þessi tæknigrein býður upp á.

Myndbandið er framleitt af nemendum á Lista- og fjölmiðlasviði Borgarholtsskóla undir leiðsögn Sigrúnar Harðardóttur kennara. Samtök iðnaðarinnar styrktu gerð myndarinnar með myndarlegu fjárframlagi en Félag blikksmiðjueigenda og Borgarholtsskóli voru einnig fjárhagslegir bakhjarlar. Myndbandið má sjá í heild sinni á [www.blikksmidjur.is](http://www.blikksmidjur.is)

HEIMUR BLIKKSINS

HEIMUR BLIKKSINS



## Verðlaun í bók númer milljón hjá Odda



Prentsmiðja Oddi hefur prentað rúmlega milljón bækur það sem af er árinu og stefnir í að fjöldinn verði 1,2 milljónir fyrir árslok. Verðlaun bíða þess sem hlýtur milljónustu bókina, en starfsfólk odda kom 40 þúsund króna gjafakorti á veitingahús í Reykjavík haganlega fyrir inni í bókinni. Í tilkynningu frá Odda er verðlaunahafi beðinn að gefa sig fram við markaðsdeild fyrirtækisins.

Prentun jólabóka er stærra hlutfall í ár en á síðasta ári og hefur fjölgað um 200 þúsund. Talið er að um 80% jólabóka séu nú prentaðar hér á landi. Sömu sögu eru að segja af öllum bókum sem prentaðar eru fyrir Íslandsmarkað. Yfir 60% þeirra eru prentaðar hér á landi. Hlutfallið hefur snúist við frá því sem verið hefur undanfarin ár og spilar gengi íslensku krónunnar líklegast stærstan þátt í því. Þá segir í tilkynningunni að fjöldi titla sé svipaður milli ára, en upplög stærri.



# Hvetur starfsmanna- stjóra til bjartsýni

Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur, hvetur starfsmanna-  
stjóra hjá fyrirtækjum SI til að sýna

samstöðu og mæta erfiðum verkefnum af bjartsýni, jákvæðni og raunsæi. Á fundinum „Starfsmannastjórar í eldlínu“ sem SI stóðu fyrir 25. nóvember sagðist hann í störfum sínum finna fyrir mikilli reiði hjá fólki. Margir væru að ganga í gegnum eins konar sorgarferli.

Fólk fái útrás fyrir þessar tilfinningar alls staðar, bæði heima hjá sér og í vinnu. Því reyni mikið á forystuhæfileika stjórnenda, þar með talið starfsmanna-  
stjóra. Mikilvægt sé að mæta erfiðum skilyrðum með yfirvegum, bjartsýni, raunsæi og samstöðu.

Jóhann Ingi telur ýmsa mannkosti Ís-



lendinga nýtast vel í þessari stöðu: „Við höfum styrkleika. Það sem kemur okkur gegnum skafinn er seigla, þrautseigja, eiginleikar sem við höfum fengið frá forfeðrum okkar.“

Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri IÐUNNAR fræðsluseturs, greindi frá störfum sérstaks starfshóps í atvinnulífinu sem vinnur að úrræðum tengdum menntakerfinu. Í smíðum er reglugerð sem gerir atvinnulausum kleift að nýta sér námsframboð IÐUNNAR og fleiri fræðslufélaga og –sjóða. Nánari upplýsingar um úrræðin eru tiltækar á vefsetri [www.fa.is](http://www.fa.is) Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Hildur Elín minnti á að atvinnulausum stendur til boða að láta meta færni sína og kunnáttu sem þeir hafa meðal annars aflað sér í störfum sínum. Nú hyggist sumir mennta sig og þjálfra til annarra starfa. Raunfærnimat sé mikilvægur áfangi á þeirri leið.

 Certificate  
of Registration

QUALITY MANAGEMENT SYSTEM - ISO 9001:2000

This is to certify that:

Hlaðbær Colas  
Guðmúli 1  
Hafnarfjörður  
221  
Iceland

 RSI™

**Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas**

hefur fengið gæðastjórnunarkerfi sitt vottað samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ÍST EN ISO 9001.

Ferdinand Hansen verkefnastjóri gæðastjórnunar Samtaka iðnaðarins segir að með þessari gæðavottun sé ákveðnum endapunkti náð. „Vottunin færir fyrirtækinu fyrst og fremst markvissari stjórnun þeirra sjálfra og mikinn trúverðugleika gagnvart sínum verkkaupum.“

„Hlaðbær Colas er fyrsta verktaka-fyrirtæki á Íslandi sem nær þessum árangri og við erum ákaflega stolt af því,“ segir í yfirlýsingu frá fyrirtækinu. Þar segir ennfremur að allir starfsmenn séu meðvitaðir um ábyrgð sína gagnvart vottuninni: „Með stimpil frá hinu virta, alþjóðlega vottunarfyrirtæki BSI, ábyrgjumst við nú sem endranær að viðskiptavinir okkar geta verið þess fullvissir að gæðastýringin okkar er miklu meira en aðeins viljayfirlýsing.“

Áður hafa meðal annars Sementsverksmiðjan, hluti BM Vallár og Límtré fengið ISO 9001 vottunina.



## Tölur af fjölda nýbygginga ýktar

Íbúða á höfuðborgarsvæðinu og í nágrennanbyggingum. Einbýlishús voru ekki talin með.

Niðurstaða talningarinnar er sú að fjöldi tilbúinna íbúða er 1.241 á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ, Árborg/Selfossi, Hveragerði og Akranesi. Fjöldi fokheldra íbúða er 509 og 1.250 íbúðir eru í byggingu.

Ari Skúlason í þróunar- og árangursstjórnun Landsbankans hafði umsjón með talningunni. Hann segir að bestu fánlegu skipulagsgögn hafi verið notuð til grundvallar. Verkfræðinemandir hafi gengið um svæðin og merkt inn á opinberu gögnin hver staða hvers húsnæðis væri og hvort einhver byggji í íbúðunum. Stundum hafi verið erfitt að meta hvort íbúar byggju í íbúðunum. „En við létum vafann ráða því við þurftum að vera 100% viss um að hún væri ekki í notkun.“

Magn íbúðahúsnæðis í byggingu á Íslandi hefur að verulegu leiti verið byggt á ágiskunum og erfitt hefur reynst að fá áreiðanleg gögn þar að lútandi. Tölur á borð við fjögur til sjö þúsund hafa gjarnan verið nefndar. Vegna þessarar óvissu fékk Landsbankinn verkfræðinema til að gera ítarlega talningu á fjölda ónotaðra

## Hlaut verðlaun Þýska Jarðhitasam- bandsins

Sebastian Homuth  
meistararnemi í vist-  
vænni orkunýtingu  
frá RES Orkuskiptanum  
hlaut fyrir



skemmstu fyrstu verðlaun ungra vísindamanna á alþjóðlegri ráðstefnu Þýska Jarðhitasambandsins. Verðlaunin hlaut Sebastian fyrir ritgerð sína sem fjallar um jarðhitarannsóknir og ber heitið "In-situ-Measurements for the Determination of Geothermal underground Parameters." Sýningin "GEO-energia" var haldin samhliða ráðstefnunni þar sem fyrirtæki, rannsóknastofnanir og háskólar, kynntu tækni-nýjungar og jarðhitarannsóknir. Ísland var sérstakt heiðursland á sýningunni. Fjöldi íslenskra fyrirtækja og stofnana kynntu á sýningunni afurðir og rannsóknir á nýtingu jarðhita auk reynslu Íslendinga á nýtingu vistvænna orku-gjafa.

# Mikið að gera en óvissa framundan

Járnsmiðjan Óðinn hefur ekki sagt upp fólki, eins og verkefnastaðan er núna þyrfti fyrirtækið að ráða tvo menn. Mikið hefur verið að gera hjá fyrirtækinu og þrátt fyrir samdrátt hefur verkefnum ekki fækkað. Auður Hallgrímsdóttir fjármála- stjóri segir þá pressu sem einkenni þenslutímanna þó ekki lengur til staðar.

Enn sé fólk að láta vinna fyrir sig. Janúar og febrúar séu erfiðustu mánuðirnir og þá renni upp óvissutími vegna þess að ríkisstjórnin geti ekki gefið atvinnulífinu forsendur. Í sumum tilfellum verði það til þess að dregið sé úr framkvæmdum sem ekki þurfi að gera.

„Í öllum þessum ólgusjó sem við höfum gengið í gegnum höfum við ekki sagt upp starfsfólki,“ segir Auður. Hagrætt hafi verið í fyrirtækinu og hagur starfsfólksins og fjölskyldna þeirra hafður að leiðarljósi.

„Ef ég vissi að þeir erfiðu tímar sem eru framundan eftir áramót ættu ekki eftir að versna myndi ég ráða tvo starfsmenn núna og örugglega fleiri eftir áramót,“ segir Auður. Síðustu vikur fyrir jól



## Náttúruvefsjá opnuð

Gervitunglamyndir, loftmyndir og ljósmyndir af Íslandi eru meðal upplýsinga sem nú eru aðgengilegar á nýrri Náttúruvefsjá. Á slóðinni [www.natturuvefsja.is](http://www.natturuvefsja.is) má finna fjölbreytt gögn sem tengjast náttúru Íslands, auðlindum og náttúruvernd.

Gögnin eru niðurstöður ýmissa rannsóknna og er markmið vefsíðunnar að koma þeim á framfæri til hins almenna borgara. Hún getur nýst á marga vegu, meðal annars í tengslum við ferðalög, afþreyingu, útivist og húsbyggingar.

Vefsíðan er afrakstur þróunarsamstarfs sem hlaut upphaflega styrk frá Rannís árið 1999. Hún var þróuð undir stjórn Vatnamælinga Orkustofnunar með framlagi Orkustofnunar, upplýsingasamfélagsins og Gagaráin.



Kátt starfsfólk Járnsmiðjunnar Óðins þegar fyrirtækið fékk gæðavottun árið 2007

eru annasamastar þegar kemur að vinnu fyrir einstaklinga en um 50 ný verk eru stofnuð í hverri viku.

Járnsmiðja Óðins er með góða verkefnastöðu út mars, fyrirtækið er skuldlaust og þolir ágjöf að sögn Auðar. Þó hafi verið skorið niður í hádegismat og tímabundið í mánaðarlegum bónusgreiðslum. Jólagjafir og jólahlaðborð er

þó á sínum stað en fyrstu helgina í desember var starfsfólki boðið í jólahlaðborð á Hótel Rangá.

Auður segir að starfsfólki sé jákvætt og kreppan hafi þjappað því saman. „Við kunnum að meta þá væntumþykju sem við finnum hjá starfsmönnum gagnvart fyrirtækinu.“

## Naust Marine í nýtt og glæsilegt húsnæði



Hátæknifyrirtækið Naust Marine hefur flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Miðhelli 4 í Hafnarfirði. Bjarni Þór Gunnlaugsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir að fyrra húsnæði í Garðabæ hafi löngu verið sprungið utan af starfsemi. Þess vegna hafi verið ráðist í byggingu 700 fermetra húss sem hentaði starfsemi betur.

Naust Marine sérhæfir sig í smíði á sjálfvirku togvindukerfi fyrir skip. Kerfið hefur verið í þróun frá árinu 1979 og er fyrirtækið leiðandi á sínu sviði á heimsvísu. Tæplega 70 kerfi eru komin í umferð í íslenskum og erlendum skipum, meðal annars í hafrannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni.

Nú eru þrjú stór verkefni í gangi fyrir hollenskan markað. Verðmæti þeirra er rúmlega þrjár milljónir evra, eða um 350 milljónir íslenskra króna.

Nú starfa 14 manns hjá fyrirtækinu en á einu ári hefur fjölgað um fimm starfsmenn. Bjarni Þór segir að til standi að bæta við fleiri starfsmönnum vegna mikillar aukningar á sölu erlendis. Hann geti þó ekki sagt til nákvæmlega hvenær það verði en það gæti orðið um mitt næsta ár.

## Miklar áhyggjur af stöðu fyrirtækja

Full ástæða er að hafa áhyggjur af fjölda fyrirtækja sem tæknilega eru gjaldþrota. Eigið fé margra þeirra hefur brunnið vegna utanaðkomandi aðstæðna eins og verðtryggingar og gengisskráningar. Þetta segir Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins í Morgunblaðinu. Á fundi viðskiptanefndar Alþingis hafi komið fram að líklega séu 60-80% allra fyrirtækja í landinu tæknilega gjaldþrota þar sem þau séu skuldsett í erlendri mynt.

Undir þetta tekur Gylfi Magnússon dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Styrkist krónan gæti það auðveldað þeim að standa við skuldbindingar sínar. Afskriftir á hluta skuldanna væri þó nauðsynlegt sumum þeirra eins og tíðkist í neyðarsamningum.

### Fjárhagsupplýsingar og greiðsluþryggingarfélög

Afar mikilvægt er að nauðsynlegar upplýsingar um íslensk fyrirtæki séu aðgengilegar þegar eftir þeim er leit að. Einungis 12% íslenskra fyrirtækja höfðu skilað ársreikningi fyrir árið 2007 til RSK í október síðastliðnum. Nær öll viðskipti íslenskra fyrirtækja í útlöndum eru háð fyrirgreiðslu erlendra tryggingarfélaga sem taka að sér greiðslufallstryggingar, en það er yfirleitt forsenda þess að hægt sé að semja um greiðslufresti í viðskiptum. Þau fyrirtæki sem ekki höfðu skilað ársreikningi geta því ekki gert ráð fyrir slíkrri þjónustu án frekari upplýsinga.

Mörg fyrirtæki hafa lent í miklum vandræðum vegna þessa og er afar brýnt að leysa úr þessu ástandi. Ekki er hægt að búast við að miklar breytingar verði á afstöðu erlendu tryggingarfélaganna fyrr en stöðugleika hefur verið náð.

Aðildarfyrirtæki Samtaka iðnaðarins eru hvött til þess að hafa nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar þegar eftir þeim er leitað.

## Ný jarðgerðarstöð Gámþjónustunnar

Gámþjónustan hf. hefur tekið í notkun nýja jarðgerðarstöð í Hafnarfirði. Þar er framleidd næringarík molta úr lífrænu efni. Hráefninu er komið fyrir í sérútbúnum lokuðum gámum sem eru þeir fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri, segir að Gámþjónustan hafi safnað lífrænum efnum frá fyrirtækjum og stofnunum allt frá árinu 1994. Efnið sem aðallega er grænmeti, ávextir og efni frá eldhúsum og mótuneytum, hefur verið jarðgert í opnum múgum hingað til. Með tilkomu nýju jarðgerðarstöðvarinnar er hægt er að stjórna hitastigi og súrefnisflæði í efninu, þannig að niðurbrotið á efninu verður mun hraðara auk þess sem lyktarmengun hverfur. „Við bjóðum viðskiptavinum okkar að flokka lífrænan úrganginn frá og lækka þar með eyðingagjöld um helming miðað við urðun,“ segir Sveinn.

### Stækkun endurvinnsluhúss

Nú er verið að leggja lokahönd á 1200 fermetra stækkun á endurvinnsluhúsi Gámþjónustunnar í Hafnarfirði. Það



verður komið í notkun fyrir jólaönsina að sögn Sveins. Með tilkomu Úrvinnslusjóðs og hækkandi urðunarkostnaði hefur flokkun úrgangs aukist mikið hjá fyrirtækjum hér á landi. Sveinn segir að með tilkomu Endurvinnslutunnunar þar sem hægt er að setja sjö flokka endurvinnsluefnis í eina tunnu á mjög einfaldan hátt hafi flokkun heimila stóruaúkst. „Endurvinnslutunnan hefur fengið frábærar viðtök og við ábyrgjumst að allt endurvinnsluefni fer í örugga og ábyrga endurvinnslu.“ Sveinn segist finna fyrir því að það sem berst Gámþjónustunni hafi minnkað nokkuð síðustu tvo mánuði en því sé mætt með vaxandi áherslu á flokkun og endurvinnslu. „Markmiðið er að lækka kostnað og draga úr sóun“ segir Sveinn að lokum.



**GOGOGIC**  
WORKING WITH LOGIC

Íslenska tölvuleikjafyrirtækinu Gogogic hefur verið veittur styrkur frá Nordic Game Program til framleiðslu á tölvuleiknum *Vikings of Thule* sem fyrirtækið er með í þróun. Styrkinn fær fyrirtækið til að vinna leikinn og koma á markað.

Gogogic er rúmlega tveggja ára gamalt sprotafyrirtæki sem sérhæfir sig í gerð vefleikja, til dæmis fyrir Facebook og iPhone. Starfsfólk Gogogic, sem telur 15 manns, hefur mikla reynslu í forritun og þekkingu á sviði gráfískrar vinnu fyrir vefinn.

Í tilkynningu frá Gogogic segir Jónas B. Antonsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins að töluverð viðurkenning felist í styrknum og gaman sé að fá að vera þátttakandi í einhverju jákvæðu á þessum tímum.

Menningarmálaráðherrar Norðurlandanna ýttu Nordic Game Program verkefniinu úr vör árið 2005. Því er ætlað að hvetja til framleiðslu og dreifingu á nor-



rænum hágæðatölvuleikjum fyrir börn og unglinga. Verkefnið veitir styrki úr sjóðum sem nema rúmlega 98 milljónum sænskra króna á tímabilinu 2006-2012. Tæplega 140 umsóknir bárust fyrir styrk í ár. Af þeim fá 18 verkefni þróunarstyrk. Í sérfræðinganevnd sitja fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum en fulltrúar Menntamálaráðuneytisins eru Haraldur Björnsson og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir.

# Vel sóttur félagsfundur



Líflegar umræður um efnahagsástandið sköpuðust á vel sóttum félagsfundum Samtaka iðnaðarins á Grand hótel Reykjavík í gær. Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri SI sagði að aðgerðarpakki ríkisstjórnarinnar til bjargar fyrirtækjum í landinu innihéldi góðar og gildar tillögur og fyrirheit. Hins vegar væri þar ekkert fast í hendi, engar tíma-settar áætlanir eða útfærðar lausnir. Það væru mikil vonbrigði.

Helgi Magnússon formaður SI fór yfir þá sérstæðu stöðu sem uppi er í íslensku samfélagi. Hann sagði afar mikilvægt að yfirvöld hröðuðu fjárfestingum og stórum framkvæmdum auk þess sem leggja þurfi áherslu á orkufrekan iðnað á borð við álver og gagnaver. Fara þurfi sem fyrst í virkjunarframkvæmdir og styðja allan iðnað, stóran sem smáan. Ferðabjónustu og ýmsar aðrar greinar þurfi einnig að hvetja, en aukning þorskkvóta myndi auka verðmætasköpun. Í þeirri endurreisn og sjálfstæðisbaráttu sem framundan væri myndi íslenskur iðnaður gegna lykilhlutverki.

Loftur Árnason hjá Ístaki og Víglundur Þorsteinsson hjá BM Vallá viðruðu

áhyggjur sínar af ástandinu hjá verktökum þar sem mest hefur verið um uppsagnir. Þar sé verkum lokið, eða að ljúka, og fá fyrirsjáanleg verk framundan. Anna María Pétursdóttir, starfsmannastjóri Vífilfells og Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr, lögðu áherslu á að nýta vel þau tækifæri sem felist í nýsköpun og vel menntuðu fólki. Einar Mäntylä hjá Orf Líftækni tók í sama streng. Hann sagði undan og ofan af vexti fyrirtækisins undanfarin misseri og lagði áherslu á að ekki mætti vanmeta sprotafyrirtæki og tækifæri sem í þeim felist.

Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, stýrði fundinum af röggsemi og hvatti fundarmenn til þess að líta í eigin barm. Hver og einn þyrfti að gera það sem hann gæti til þess að spara og afla gjaldeyris, til dæmis með því að velja íslenskt.

## Andvirði jólagjafa Vífilfells rennur til góðgerðarmála

Mæðrastyrksnefnd og fleiri góðgerðar- og líknarfélög njóta góðs af ákvörðun Vífilfells um að í stað þess að gefa jólagjafir í ár renni andvirði þeirra til góðgerðarmála. Undanfarin ár hefur fyrirtækið styrkt góðgerðarmál en framlagið hefur aldrei verið hærra en nú þegar vörur að andvirði tveggja milljóna króna voru afhentar.

Í tilkynningu frá Vífilfelli kemur fram að félögin deili vörunum síðan til skjólstæðinga sinna. Árni Stefánsson, forstjóri Vífilfells segir að oft hafi verið þörf, en nú sé nauðsyn á að styðja hjálparstofnanir.

Auk Mæðrastyrksnefnda í Reykjavík, á Akranesi og Akureyri hlaut Fjölskylduhjálparfélag Íslands stuðning, Hjálparstarf Krossins, Velferðarsjóður Suðurnesja, Hjálpræðisherinn, Neistinn, Styrktarfélag hjartveikra barna, Líknarsjóður Árbæjarkirkju og Kvenfélagið Hringurinn.

## Ný heimasíða Ljósmyndarafélagsins



Ljósmyndarafélagið hefur opnað nýja heimasíðu á vefsetrinu [www.ljosmyndarafelag.is](http://www.ljosmyndarafelag.is). Lárus Karl Ingason formaður félagsins segir að viðbrögðin hafi verið mjög góð. Birgjar Ljósmyndara sjái sér hag í að auglýsa á síðunni og það standi straum af kostnaði við að viðhalda henni. Kristján Logason ljósmyndari hefur verið ráðinn vefstjóri en Hafsteinn Már Másson hjá Veflist hannaði vefinn.

Til að auðvelda fólki að velja ljósmyndara er hægt að sjá sýnishorn af verkum félagsmanna á síðunni. Lárus hvetur félagsmenn til að setja myndir inn á sitt heimasvæði. Það gefi hugmynd um sér-

hæfingu hvers og eins og fyrir hvað þeir vilji standa.

Þau nýmæli voru tekin upp að hafa spjallmöguleika á síðunni. Lárus segir að þann vettvang hafi vantað fyrir fólki í faginu. „Það er góð leið til að fá fólk til að skiptast á skoðunum.“

Efnahagsástandið hefur sett mark sitt á stéttina að sögn Lárusar. Óvissan sé erfiðust, en mjög misjafnt sé hvernig ljósmyndarar verði fyrir samdrættinum. Í verstu tilfellunum hafi hann verið allt að 60%. „Menn bíða eftir að jólin líði til að sjá með framhaldið, en feringunum verður alla vega ekki frestað.“

